



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ISABELLE FAUST OG MAHLER

11. APRÍL
2019

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Fiðlukonsert: 40'
Sinfónía: 80'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

ISABELLE FAUST OG MAHLER

Osmo Vänskä
hljómsveitarstjóri

Isabelle Faust
einleikari

EFNISSKRÁ

Johannes Brahms
Fiðlukonsert í D-dúr, op. 77 (1878)
Allegro non troppo (kadensa: Ferruccio Busoni)
Adagio
Allegro giocoso, ma non troppo vivace

Hlé

Gustav Mahler / útg. Deryck Cooke
Sinfónía nr. 10 í físi-moll (1910/1960)
Andante – Adagio
Scherzo I: Schnelle Viertel
Purgatorio
Scherzo II: Allegro pesante
Finale: Langsam, schwer – Allegro moderato

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



OSMO VÄNSKÄ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Osmo Vänskä er aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar í Bandaríkjunum og aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur allt frá því að hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar árin 1993–96. Frá 2011 hefur hann komið árlega til þess að stjórna hljómsveitinni og auk þess stjórnaði hann Fílharmóníuhljómsveit Lundúna á tónleikum hennar í Eldborg árið 2014. Árið 2017 var Vänskä útnefndur heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Vänskä er klarínettuleikari og starfaði áður sem slíkur við fílharmóníusveitirnar í Turku og Helsinki. Hann lærði hljómsveitarstjórn við Sibelíusar-akademiuna og hlaut fyrstu verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Í framhaldi af því vann hann sér sess sem afburða hljómsveitarstjóri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, þar sem hann var aðalstjórnandi í tvo áratugi, og BBC-hljómsveitinni í Skotlandi.

Vänskä hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með Minnesota-hljómsveitinni en það hófst árið 2003. Hljómsveitin hljóðritaði meðal annars allar sinfóníur Beethovens undir hans stjórn og sagði gagnrýnandi *New York Times* um þann flutning að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“. Þá hafa Vänskä og Minnesota-hljómsveitin einnig hljóðritað allar sinfóníur Sibelíusar á þremur diskum og hreppu Grammy-verðlaunin fyrir einn þeirra. Þessar hljóðritanir koma allar út á vegum sænska forlagsins BIS en það hefur einnig gefið út tvo diska með verkum eftir Jón Leifs í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Vänskä.

Fyrir á þessu ári kom á markað hljóðritun Minnesota-hljómsveitarinnar á *Upprísisinfóníu* Mahlers, en heildarútgáfa á sinfóníum tónskáldsins hófst árið 2017 og hefur hlotið frábæra dóma gagnrýnenda. Osmo Vänskä er fastagestur hjá fremstu hljómsveitum austan hafs og vestan. Má þar nefna fílharmóníusveitirnar í New York og Los Angeles, sinfóníuhljómsveitirnar í Boston og Chicago Berlínarfílharmóníuna, helstu hljómsveitir Lundúnaborgar, Fílharmóníusveit Vínarborgar og Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam.

Osmo Vänskä er væntanlegur aftur til Íslands í næsta mánuði og mun þá stjórna verkum eftir Kaiju Saariaho, James MacMillan og Ludwig van Beethoven.



ISABELLE FAUST

EINLEIKARI

Pýski fiðluleikarinn Isabelle Faust er einn eftirtektarverðasti tónlistarflytjandi samtímans og hljómdiskar hennar hafa sópað til sín viðurkenningum undanfarinn áratug.

Faust vakti fyrst verulega athygli þegar hún hreppti fyrstu verðlaun í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, en þar hlaut ungur íslenskur fiðluleikari að nafni Sigrún Eðvaldsdóttir annað sæti. Faust bar einnig sigur úr byttum í Paganini-keppninni árið 1993 og í kjölfarið fór ferill hennar á flug. Hún hefur flutt mikið af nútímatónlist, m.a. eftir Ligeti, Feldman og Nono, auk þess sem hún hefur tamið sér flutningsmáta 18. aldar eins og glöggst heyrst í túlkun hennar á Bach og Mozart. Meðal hljómsveitarstjóra sem Faust hefur starfað með má nefna Claudio Abbado, Bernard Haitink, Sir John Eliot Gardiner og Mariss Jansons. Framundan er meðal annars frumflutningur á nýjum verkum sem Péter Eötvös og Beat Furrer hafa samið sérstaklega fyrir hana.

Hljóðritanir Fausts hafa hlotið ótal verðlaun, meðal annars Gramophone-verðlaunin og Diapason d'or. Diskar hennar með einleiksverkum Bachs hafa hlotið einróma lof en nýjustu hljóðritanir hennar eru fiðlukonsertar Bachs með Akademie für Alte Musik Berlin og hlaut hann meðal annars fimm stjörnu dóm í *The Times* í síðustu viku. Síðar í þessum mánuði heldur Faust tónleika í Théâtre des Champs-Élysées í París og í Elbphilharmonie í Hamborg.

Hún hefur gegnt stöðu prófessors við Listaháskólann í Berlín frá árinu 2004 og meðal fyrrum nemenda hennar þar er Helga Þóra Björgvinsdóttir sem nú leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Faust leikur á svonefndan Þyrnirósar-Stradivarius frá árinu 1704, sem þykir ein besta fiðla ítalska meistarans. Hún er staðarlistarmaður við Fílharmóníuna í Köln starfsárið 2018–19.

Isabelle Faust hefur tvisvar sinnum áður leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún var staðarlistamaður hljómsveitarinnar starfsárið 2010–11 og lék þá fiðlukonserta eftir Beethoven og Stravinskíj í Háskólabíói.



JOHANNES BRAHMS

FIÐLUKONSERT

Johannes Brahms (1833–1897) var eitt helsta tónskáld Þýskalands á síðari hluta 19. aldar og listsköpun hans var á sinn hátt mótvægi við framsæknari nálgun Liszts og Wagners hvað form og hljóma varðaði. Brahms var „klassíker“ því að tónlist hans einkennist af rökfestu og er mótuð í hefðbundin form. Hann samdi sinfóníur og einleikskonserta auk þess sem fé tónskáld 19. aldar iðkuðu kammertónsmíðar af slíkum móð sem hann. Í öllum þessum verkum er hið gamalreynnda sönötuform lykkill að framvindu tónlistarinnar og þannig sýndi Brahms að það væri enn gildur farvegur fyrir „abstrakt“ eða óhlutbundna tónsköpun.

Fiðlukonsert Brahms má fyrst og fremst þakka vináttu hans og samstarfi við fiðlusnillinginn og tónskáldið Joseph Joachim. Brahms var tvítugur að aldri þegar leiðir þeirra lágu fyrst saman og vináttan varði allt til æviloka. Brahms vann að fiðlukonsertinum í austurríska smábænum Pörtschach sumarið 1878. Bænum lýsti hann á þennan hátt: „Hér flögna svo margar laglínur um loftin blá að maður verður að vara sig á að stíga ekki á þær.“ Brahms var sjálfur píanóleikari og lagði því til að þeir Joachim ættu samvinnu varðandi útfærslu fiðluraddarinnar. Joachim lagði þar margt til málanna eins og handrit verksins ber með sér. Fiðlunótarnar eru útkrotaðar með rauðu bleki þar sem Joachim taldi þörf á því að gera tónlistina „fiðlulegri“.


Tónlist Brahms er glæsileg og tilfinningaþrungin. Verkið gerir miklar kröfur til einleikarans en rödd fiðlunnar er eigi að síður hluti af stærri heild. Eins og í fiðlukonserti Beethovens, sem var helsta viðmið Brahms við smíði verksins, er aldrei um að ræða innantómt virtúóúsitet. Hægi kaflinn hefst á undurfallegu óbóstefi sem fiðlan skreytir með glitrandi tónaflúri. Raunar var þessi kaflur ekki hluti af konsertinum í fyrstu atrennu. Brahms hugsaði sér verkið fyrst í fjórum þáttum en skar síðan burt miðkaflana tvo, *adagio* og *scherzo*, og samdi nýjan miðkafla. Sumt af þessu efni nýtti hann í píanókonserti nr. 2 sem hann lauk við þremur árum síðar.

Lokakaflinn ber með sér blæ ungerskrar tónlistar. Annar fráber fiðluleikari, hinn ungerski Eduard Reményi, kynnti hinn unga Brahms fyrir tónlist heimalands síns og hinn síðarnefndi hreifst svo af ástríðufullum hendingunum að hann sótti í þær innblástur hvað eftir annað, til dæmis í *Ungverskum dönsum* fyrir hljómsveit og *Sígaunasöngvum* op. 103. Hinn síðskeggjaði og brúnaþungi Brahms stigur hér þjóðleg spor eins og unglamb, fullur af eldmóði og fjöri.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Alls hafa sextán fiðluleikarar leikið konsert Brahms með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Meðal þeirra eru Björn Ólafsson, sem lék verkið þrívægis með hljómsveitinni (1954, 1962 og 1967), Aaron Rosand (1975), Guðný Guðmundsdóttir (1979), Anne-Sophie Mutter (1985), Sigrún Eðvaldsdóttir (1991), Joshua Bell (2003), Helga Þóra Björgvinsdóttir (2004) og Alina Ibragimova (2017). Sigrún Eðvaldsdóttir lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2002.



GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 10

Um það eru allmörg dæmi í sögunni að tónskáld hafi ekki fullgert verk sín, ýmist vegna þess að þau kvöddu þennan heim frá síðustu tónhugmyndum sínum ófrágengnum eða af því að þau lögðu nóturnar til hliðar. Sálumessa Mozarts er líklega kunnasta dæmið um tónsmíð sem höfundur lést frá í miðjum klíðum, en hin ófullgerða símfónía Schuberts um verk sem er hálfkarað án þess að ástæðan sé ljós. Drög hafa varðveist að fleiri óloknum verkum, til dæmis þriðju símfóníu Elgars og tíundu símfóníu Beethovens. Tíunda símfónía Gustavs Mahler (1860–1911) er einnig ófullgerð. Hún á það sameiginlegt með verkum Elgars og Beethovens að síðari tíma fræðimenn hafa leitast við að finna henni fullnægjandi búning svo unnt sé að flytja hana í tónleikasölum heimsins.

Á 19. öld var Ludwig van Beethoven talinn æðstur tónskálda og hið símfóníska form þótti hátindur tónsköpunar. Níunda símfónía Beethovens varð mörgum tónskáldum innblástur og um leið varð talan nú eins konar viðmið um fullnægjandi afköst í þeirri grein. Ekkert meiriháttar tónskáld 19. aldar samdi fleiri en níu símfóníur, flestir raunar færri. Anton Bruckner lést frá níundu símfóníu sinni ófullgerðri árið 1896 og í kjölfarið tók Mahler að óttast um framtíð sína sem símfóníutónskáld. Sú hugmynd tók sér bólfestu innra með honum að hann myndi aldrei semja nema níu símfóníur, örlögin myndu sjá til þess að lengra kæmist hann ekki.

Mahler var staðráðinn í að leika á örlögin. Ótti hans við „bölvun hinnar Níundu“ var slíkur að hann gaf hinni eiginlegu níundu símfóníu sinni ekki raðtölu heldur kallaði hana „Söng jarðar“ eða *Das Lied von der Erde*. Því næst samdi Mahler símfóníu sem hann kallaði nr. 9, en má jafnvel líta á sem þá tíundu. Þar sem hann taldi sig vera kominn yfir erfiðasta hjallann hélt hann ótrauður áfram. Sumarið 1910 hóf hann að semja símfóníu nr. 10 en lagði drögin til hliðar í september sama ár því að vani hans var að starfa að tónsmíðum á sumrin en útsetja verkin yfir vetrarmánuðina samhliða því sem hann sinnti starfi hljóm- sveitarstjóra. Haustið 1910 sigldi Mahler vestur um haf og hélt áfram starfi sínu sem aðalstjórnandi Fílharmóníusveitarinnar í New York; hann stýrði þar nærri 50 tónleikum næstu þrjá mánuðina. Að loknum tónleikum hinn 21. febrúar 1911 veiktist hann alvarlega og þótti strax ljóst að dauðinn væri á næsta leiti. Penisilín hefði dugað gegn streptókokkasýkingunni sem varð honum að aldurtíla en lyfið uppgötvaðist ekki fyrr en 17 árum síðar. Mahler lést í maí sama ár, aðeins fimmtugur að aldri.

Við andlátíð skildi Mahler eftir sig umtalsvert efni að ófullgerðri símfóníu nr. 10, alls yfir 150 blaðsíður. Fyrsti kaflinn var svo að segja tilbúinn til flutnings en síðari þættirnir meira og minna fullgerðir í píanóraddskrá, þ.e.a.s. tónarnir voru á sínum stað en útsetningin fyrir hljómsveit var aðeins útfærð að hluta. Líf Mahlers var í töluverðu uppnámi um það leyti sem hann samdi verkið. Hann hafði nýverið komist að því að Alma, eiginkona hans, átti í ástarsambandi við arkitektinn Walter Gropius og í kjölfarið leitaði hann ráða hjá Sigmund Freud. Í handriti tíundu símfóníunnar má lesa athugasemdir sem Mahler virðist hafa ætlað Ölmu einni og þær sýna að verkinu var ætlað að tjá ást hans. Á síðustu síðu lokakafans skrifar hann til dæmis: „für dich leben! für dich sterben!“ (Að lifa fyrir þig! Að deyja fyrir þig!) og sömuleiðis gælunafn hennar, „Almschil!“ Þess má raunar geta að Alma og Gropius gengu í hjónaband árið 1915, að Mahler gengnum, en það entist ekki nema í tvö ár. Þau áttu saman dótturina Manon en ótímabært andlát hennar varð Alban Berg innblástur í frægan fiðlukonsert sinn tveimur áratugum síðar.

Það var ekki fyrir en rúmum áratug eftir lát Mahlers sem Alma tók að huga að því að gera síðustu símfóníu hans hæfa til flutnings. Fyrsti og þriðji þáttur voru látnir nægja fyrst um sinn og hljómuðu þeir í útgáfu tónskáldsins Ernst Krenek (sem var um skamma hríð kvæntur dóttur Mahler-hjónanna) á tónleikum árið 1924. Um 1940 tók bandarískur aðdáandi Mahlers að róa að því öllum árum að koma símfóníunni í endanlegan búning. Arnold Schönberg og Benjamin Britten voru meðal þeirra sem hann leitaði til en þeir vísuðu verkefninu báðir frá sér.

Enski tónlistarfræðingurinn Deryck Cooke lét aftur á móti tilleiðast. Hann vann að símfóníunni að mestu á árunum 1959 og 1960 en hélt áfram að nostra við útgáfuna næstu áratugi, fyrst með aðstoð stjórnandans Bertholds Goldschmidt en síðar með hjálp bræðranna Colin og David Matthews. Þessi útgáfa kom í fyrsta sinn út á nótum árið 1976, skömmu áður en Cooke lést. Cooke lagði ávallt á það áherslu að hann hefði ekki „fullgert“ verk Mahlers, enda hefði tónskáldið sjálf lagt grunn að framvindunni frá fyrsta takti til hins síðasta, heldur aðeins gert tónleikaútgáfu (*a performing version of the draft*) af drögum Mahlers. Útgáfa Cookes vakti þegar mikla athygli og þótt Alma Mahler lýsti sig andsnúna henni í fyrstu tók hún hana að lokum í sátt. Í þessum búningi hefur tíunda símfónían hljómað víða um heim undanfarna áratugi. Meðal þeirra stjórnenda sem hafa flutt hana opinberlega eru Simon Rattle, Riccardo Chailly, Daniel Harding og Vladimir Ashkenazy.

Símfónían er í fimm þáttum og uppbyggingin er óvenjuleg sé litið til hins hefðbundna forms 19. aldar. Verkið myndar eins konar spegilform. Tveir óvenjulangir hægir þættir ramma inn

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI


Tíunda símfónía Mahlers hefur aðeins einu sinni áður hljómað á Íslandi í heild, undir stjórn Petri Sakari í Háskólabíói haustið 1999. Hljómsveitin hefur tvívegis leikið fyrsta þátt verksins stakan, fyrst árið 1989 þegar Militiades Caridis hélt um tónsprotann og aftur árið 1994 undir stjórn Sakaris.

tvo hraða kafla (*scherzo*), en kjarninn er eins konar millispil. Mahler gaf því heitið *Purgatorio* (Hreinsunareldur) en rök hafa verið færð fyrir því að ekki sé um að ræða tilvísun í Dante heldur ljóð með sama nafni eftir pólska skáldið Siegfried Lipiner, sem var náninn vinur tónskáldsins. Þetta er stysti þátturinn í nokkurri símfóníu Mahlers, aðeins um fjórar mínútur að lengd.

Segja má að tíunda símfónían hefjist þar sem þeirri níundu lauk, með hægum kafla sem er fullur af tjáningu. Upphafskafllinn hefst á einu lengsta víólusólói sem fyrirfinnst í símfóníu, sextán tóktum sem Mahler biður um að séu leiknir „án tjáningar“ (*ohne Ausdruck*). Að stefinu loknu taka við tilfinningaþrungnir strengjahljómar. Hápunkturinn er sannarlega átakanlegur og með því ómstríðasta sem Mahler samdi nokkru sinni.

Næst koma þrjú hraðir kaflar, tveir lengri og einn stuttur. „Djöfullinn dansar við mig“ þáráði Mahler á drögin að fjórða kafla (*Scherzo II*) sem er eins konar vals sem þó hefur yfirbragð örvæntingar. Lokaþætti símfóníunnar hefur verið lýst sem einhverri óræðustu og örvæntingarfyllstu tónlist sem Mahler festi á blað. Hann hefst með ógnardjúpum nið; trommuslætti og túbu. Í nóturnar skrifaði hann „Aðeins þú veist hvað þetta merkir“ – væntanlega einhvers konar skilaboð til Ölmú. Sjálf gat hún þess að Mahler hefði sótt innblástur í atburð sem þau sáu út um gluggann á hótélherbergi sínu í New York: fjölmenna útför slökkviliðsmanns. Eftir annan harmþrunginn hápunkt deyr tónlistin út með blíðum strengjatónum sem minna á upphafið, eins og hringnum hafi verið lokað.

Árni Heimir Ingólfsson



KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Mjólkar þú kýrnar við undirleik Mozarts? Eða setur Verdi á fóninn þegar þú vaskar upp? Manstu eftir fyrsta tónverkinu sem þú táraðist yfir?

HEFUR TÓNLIST BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Tónlist vekur hjá okkur djúpar tilfinningar, tengist dýrmætum minningum og bindur okkur við fólkid sem okkur þykir vænt um. Nú leitar Sinfóníuhljómveit Íslands að tónlistarsögunum ykkar: Sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á ykkur, hvernig þau minna ykkur á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið.

Segðu okkur frá þínu eftirlætis tónverki, íslensku eða erlendu, og hvers vegna það er í uppáhaldi – hvernig það tengist lífi þínu. Hver veit nema verkið þitt – og sagan þín – verði öðrum innblástur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg, sem sýndir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpinu föstudagskvöldið 1. september.

Tillögur að verkum ásamt frásögnum óskast á netfangið klassikin@ruv.is eða inn á vefinn www.ruv.is/klassikin fyrir 15. apríl.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

11. APRÍL 2019

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lalli
Una Sveinbjarnardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Jensdóttir
Laura Liu
Olga Björk Ólafsdóttir
Pascal La Rosa
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Justyna Bidler
Martin Frewer

2. FÍÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marínósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásdís Hildur Runólfsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison

Móeiður Anna Sigurðardóttir
Lucja Koczot
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Helga Björg Ágústsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Halla Gylfadóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Guðný Jónasdóttir

BASSI

Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Páll Hannesson
Richard Korn
Borgar Magnason
Jóhannes Georgsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Berglind Stefánsdóttir
Sigríður Hjördís Indriðadóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Clara Perez Sedano
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Hermann Stefánsson
Arngunnur Árnadóttir
Helga Björg Arnardóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Nikolaj Henriques
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Stefano Flaibani
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Richard Alonso Diaz

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Soraya Nayyar
Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalhefurstjórnandi*
Osmo Vänskä *hefurstjórnandi og aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



Hallfríður: Það að kynnast aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

Þórarinn: Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopin huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt áfúsugestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lífsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigrar heiminn því að sögurnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sínfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is